

## Stefna og framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar í Vestmannaeyjum 2008-2010.

Stefnumörkun þessi og framkvæmdaáætlun er unnin af starfshópi á vegum fjölskylduráðs Vestmannaeyja og er gerð með vísan til 9. gr. Barnaverndarlaga nr. 80/2002 en þar segir:

*“Sveitarstjórnir skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum skal send félagsmálaráðuneyti og Barnaverndarstofu.”*

Áætlun þessi er lögð fyrir fjölskylduráð, sem fer með umboð barnaverndarnefndar, til umfjöllunar og þaðan fyrir bæjarstjórn Vestmannaeyja til samþykktar og öðlast gildi við staðfestingu bæjarstjórnar.

Núverandi kjörtímabil er til 2010 og gildir áætlunin út kjörtímabilið.

### **Markmið**

Stuðla ber að því að börn í Vestmannaeyjum búi við viðunandi uppeldisaðstæður þar sem þau njóti virðingar og umhyggju og velfarnaðar þeirra sé gætt í hvívetna. Þá skal þess gætt að ákvæði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna séu höfð að leiðarljósi í barnaverndarstarfi.

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem samþykktur var 1989 en öðlaðist gildi hérlendis 1992, er fjallað um réttindi barna til sérstakrar verndar og umönnunar þar sem þau hafa ekki tekið út líkamlegan og andlegan þroska. Þar segir að “veita beri fjölskyldunni, sem grundvallareiningu samfélagsins og hinu eðlilega umhverfi til vaxtar og velfarnaðar allra meðlima sinna, en sérstaklega þó barna, nauðsynlega vernd og aðstoð til að sinna til hlítar þeirri ábyrgð sem á henni hvílir í samfélaginu”.

Í Barnaverndarlögum nr. 80/2002 er kveðið á um rétt barna til verndar og umönnunar og að þau skuli njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska. Hagsmunir barna skulu ávallt hafðir í fyrirrúmi í starfsemi barnaverndaryfirvalda. Með börnum er átt við einstaklinga undir 18 ára aldri.

Í forvarnarstefnu Vestmannaeyjabæjar er eftirfarandi haft að leiðarljósi:

*“Að öllum börnum og ungmennum séu skapaðar uppeldisaðstæður og umhverfi sem býður upp á heilbrigðan lífsstíl og skapar þeim lífshamingju sem einkennist af virðingu, umhyggju, samstöðu og samkennd.*

*Fjölskyldan er hornsteinn samfélagsins og uppspretta lífsgilda og því brýnt að styrkja og efla hlutverk hennar”*

Í skóla- og æskulýðsstefnu Vestmannaeyjabæjar segir m.a.:

*“Tilgangur skóla- og æskulýðsstefnu er að samhæfa áherslur og renna styrkari stöðum undir skóla- og æskulýðsstarf í bæjarfélaginu svo börn og unglingar fái notið bestu uppeldisskilyrða og menntunar og þau mótist sem ánægðir, ábyrgir og virkir þjóðfélagsþegnar.”*

Mikilvægt er að þeir starfsmenn sem starfa við barnavernd hafi viðeigandi menntun og færni í barnaverndarstarfi og fái ráðgjöf og endurmenntun. Auk þess þarf að meta álag í barnaverndarstarfi og starfsmannaþörf.

**Með hliðsjón af gildandi lögum og stefnum og ríkjandi áherslum er það því stefna bæjarfélagsins í barnaverndarstarfi að hlúa að fjölskyldunni sem grunneiningu samfélagsins, styðja hana í hlutverki sínu og veita börnum bæjarfélagsins nauðsynlega vernd og umönnun. Sérstaklega skal gæta að málefnum barna sem hafa ekki íslensku að móðurmáli og fatlaðra og langveikra barna til að koma í veg fyrir aukinn vanda þessara hópa barna og fjölskyldna þeirra.**

**Markmiðið er að öll börn í Vestmannaeyjum njóti umönnunar, verndar og öryggis og fái tækifæri til þroska, virkni og lífshamingju.**

## **Leiðir**

Leiðir að markmiðum þessarar stefnu eru byggðar á þrenns konar aðgerðum:

1. Almennar aðgerðir í þágu barna í samfélaginu
2. Sértekari aðgerðir og forvarnir í þágu tilgreindra hópa barna
3. Vinna með málefni einstakra barna út frá barnaverndarlögum

### ***1. Almennar aðgerðir***

Þessar aðgerðir beinast að því að efla fjölskyldur í hlutverki sínu, styrkja og bæta almennan aðbúnað barna og að þær áherslur sem ríkjandi eru á öllum sviðum samfélagsins séu fjölskyldu- og barnvænar. Þessar aðgerðir tengjast mjög forvarnavinnu bæjarfélagsins og samstarfi við lykilstofnanir s.s. skólastofnanir, heilbrigðisstofnanir, löggæslu og önnur starfssvið bæjarins. Áhersla í þessum flokki er á samvinnu, fræðslu, kynningarstarf og hvers kyns forvarnir.

### ***2. Sértekari aðgerðir og forvarnir***

Þessar aðgerðir beinast að því að efla stöðu tiltekinna hópa barna sem að öðrum kosti standa höllum fæti. Þetta er gert með sérstökum áherslum í samvinnu og fræðslu, athugunum á stöðu þessara barna og fyrirbyggjandi vinnu með fjölskyldum þeirra.

### ***3. Málefni einstakra barna***

Með reglum um könnun og meðferð barnaverndarmála frá 1. apríl 2004, hefur fjölskylduráð veitt ákveðnum starfsmönnum fjölskyldu- og fræðslusviðs umboð til könnunar og meðferðar einstakra mála. Starfsmenn hafa umboð til vinnslu mála að því marki sem kveðið er nánar á um í lögum um barnavernd og ofangreindum reglum.

# Framkvæmdaáætlun árin 2008-2010

## Almennar aðgerðir

### 1. Foreldranámskeið og foreldrafræðsla

Starfsmenn fjölskyldu- og fræðslusviðs búa yfir víðtækri þekkingu á foreldrafræðslu og eru viðurkenndir leiðbeinendur fyrir ýmis foreldrafræðslunámskeið s.s. *S.O.S. hjálp fyrir foreldra, Uppeldi sem virkar, færni til framtíðar* og *Að alast upp aftur*. Lögð verður áhersla á skipulega foreldrafræðslu í samvinnu við fræðslustofnanir og Visku símenntunarstöð. Kanna ber þörf fyrir skipulega foreldrafræðslu og hvernig best er staðið að henni. Einnig þarf að huga að símenntun starfsmanna sem vinna með börnum s.s leik- og grunnskóla, frístundavers, stofnana málefna fatlaðra, tilsjónarmanna, persónulegra ráðgjafa og liðveitenda. Þá skal markvisst staðið að fræðslu um barnavernd til lykilaðila í sveitarfélaginu.

*Hver: Starfsmenn fjölskyldu- og fræðslusviðs*

*Hvað: Boðið verður upp á foreldrafræðslunámskeið og þau tímasett fram í tímann.*

*Markmiðið er að efla foreldra í hlutverki sínu.*

*Hvenær: Yfir vetrarmánuðina.*

### 2. Málþing um unglíngamenningu

Við aldursskiptingu Grunnskóla Vestmannaeyja má segja að skapast hafi vettvangur og þörf fyrir sérstaka umfjöllun um unglíngaskóla og unglíngamenningu. Talsverð auðlind er fólgin í sérhæfingu starfsfólks við ákveðið aldurskeið og viðbúið að menning sú sem skapast í kringum sérstaka unglíngadeild verði áhrifavaldur á líðan og menningu ungs fólks í Vestmannaeyjum. Af þessu tilefni verður haldin ráðstefna eða málþing um unglíngaskóla þar sem fjallað verður sérstaklega um málefni barna á aldrinum 13-18 ára. Málþing þetta yrði haldið í samvinnu við Grunnskóla Vestmannaeyja, Menningar- og tómsundaráð Vestmannaeyja og Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum og þar yrði m.a. fjallað um unglíngamenningu, vímuvarnir, varnir gegn afbrotum, einelti og félagslega einangrun, íþrótt- og tómsundamál og fleiri þau atriði er snúa sérstaklega að þessum aldurshópi.

*Hver: Starfsmenn fjölskyldu- og fræðslusviðs sem og aðkeypt þjónusta*

*Hvað: Boðið upp á málþing um unglíngamenningu með þátttöku allra þeirra sem starfa með unglíngum og unglíngunum sjálfum. Markmiðið er að móta vettvang til opinnar umræðu um málefni þessa aldurshóps.*

*Hvenær: Stefnt er að þessu haustið 2008.*

### 3. Fjölskylduhelgi

Frá árinu 2005 hefur fjölskyldu- og fræðslusvið staðið fyrir sérstakri fjölskylduhelgi um hvítasunnuhelgina í Vestmannaeyjum. Í góðri samvinnu við aðrar stofnanir, fyrirtæki bæjarins og sjálfboðaliða hefur fjölskyldu- og fræðslusvið staðið fyrir því að koma saman metnaðarfullri dagskrá með það að markmiði að auka góðar samverustundir fjölskyldunnar. Áhersla hefur verið lögð á að það sem boðið er upp á sé gjaldfrjálst eða þjónusta veitt með sérstökum afslætti og dagskráin tekur mið af því að foreldrar og börn á öllum aldri skemmti sér saman. Stefnt er að því að fjölskylduhelgin verði haldin um hverja hvítasunnuhelgi og vænst góðrar þátttöku bæjarbúa.

*Hver: Starfsmenn fjölskyldu- og fræðslusviðs*

**Hvað:** Boðið upp á sérstaka fjölskylduhelgi með dagskrá þar sem áherslan er á samverustundir fjölskyldunar. Markmiðið er að fjölga tækifærum fyrir fjölskylduna að koma saman og um leið efla samkennd hennar.

**Hvenær:** Hvítasunnuhelgina ár hvert.

#### **4. Aukin áhersla á kynningu og greinaskrif í fjölmiðlum**

Á tímabilinu skal sérstakur gaumur gefinn að almennri kynningu á barnavernd og fjölskylduþjónustu. Nýta ber fjölmiðla s.s. vefmiðla og þæjarblöð til að koma af stað og viðhalda jákvæðri umræðu um barnavernd í víðtækustu merkingu þess orðs. Ennfremur verði athugað með útgáfu á bæklingum til kynningar á þjónustu Vestmannaeyjabæjar við börn og barnafjölskyldur, þ.m.t. um barnavernd.

**Hver:** Starfsmenn fjölskyldu- og fræðsluviðs

**Hvað:** Áhersla á aukna kynningu og umfjöllun um barnavernd og þjónustu sviðsins.

Markmiðið er að skapa jákvæða umræðu um barnavernd í víðtækri merkingu sem og kynna þjónustu Vestmannaeyjabæjar við börn og barnafjölskyldur.

**Hvenær:** Allan ársins hring.

### **Sértækar aðgerðir**

#### **1. Þjónustuhópur barna með sérþarfir**

Í samræmi við það markmið að huga sérstaklega að langveikum og fötludum börnum verði unnið markvisst að þjónustu fyrir þau börn. Þjónustuhópur barna með sérþarfir er vettvangur þar sem hægt er að gæta að hagsmunum þessara barna en hvert barn á sér tengil inn í hópinn sem er þverfaglegur hópur sérfræðinga á Fjölskyldu- og fræðsluviði. Þar verður markvisst farið yfir þjónustuþarfir barna með sérþarfir og fjölskyldna þeirra og stuðlað að heildarsýn yfir málaflökkinn. Tengsl við barnaverndarstarf verða eflað þar sem það á við og unnið að samræmingu þeirrar þjónustu sem börnin og fjölskyldur þeirra fá.

**Hver:** Starfsmenn fjölskyldusviðs með sérþekkingu á málefnum barna með sérþarfir

**Hvað:** Vinna að yfirsýn og samræmingu þjónustu í samstarfi við foreldrafélög og hagsmunasamtök.

**Hvenær:** Allan ársins hring

#### **2. Málefni innflytjenda**

Í samræmi við það markmið að huga skuli sérstaklega að börnum sem ekki tala íslensku eða eiga foreldra sem ekki tala íslensku, verður gerð sérstök athugun á málefnum þeirra barna. Hópurinn verði kortlagður í tengslum við vinnuhóp um innflytjendamál, þjónustuþarfir hans metnar og gerð áætlun um sérstaka þjónustu eða kynningu á þeirri þjónustu sem þessum börnum og fjölskyldum þeirra stendur til boða. Sérstaklega verði hugað almennt að tengslum við barnaverndarstarf, unnið í samvinnu við fræðslufirvöld og hugað að íþrótt- og tómstundastarfi barnanna.

**Hver:** Starfsmenn fjölskyldu og fræðsluviðs auk starfshóps um innflytjendamál

**Hvað:** Kortleggja þörf og úrræði, gefa út efni á þeim tungumálum sem hægt er og þörf er á í Eyjum í bæklingum og á netinu, skoða þörf fyrir sérstaka þjónustu og/eða vettvang fyrir þessar fjölskyldur

**Hvenær:** Greining fari fram haustið 2008 og útgáfa í byrjun árs 2009

### **3. Innleiðing ART meðferðarforms**

Tilraunir hafa staðið með innleiðingu ART meðferðartækni í Grunnskóla Vestmannaeyja. ART stendur fyrir “Aggression replacement training” og er árangursrík aðferð sem tekur á félagslegum samskiptum, aðlögun og sjálfstjórn auk siðferðilegrar umræðu. Í stefnumarkandi áætlun félagsmálaráðuneytis og Barnaverndarstofu fyrir árin 2007-2010 er lagt upp með að allir starfsmenn meðferðarstaða Barnaverndarstofu hafi lokið ART þjálfun í árslok 2009. Mælt er með því að í samstarfi við skólayfirvöld verði skoðuð þörf fyrir og árangur af ART meðferðartækni á grunn- og leikskólaaldri.

***Hver:** Starfsmenn fjölskyldu- og fræðslusviðs í samstarfi við verkefnisstjóra ART á Suðurlandi*

***Hvað:** Metin verði þörf fyrir ART meðferðartækni, sem og árangur að meðferð lokinni.*

*Markmið er að innleiða árangursríka aðferð til að bæta félagsleg samskipti, aðlögun og sjálfstjórn sem og siðferðislega umræðu meðal barna.*

***Hvenær:** Áætlað að innleiðingu verði lokið fyrir árslok 2008.*

### **4. Frístundaver**

Haustið 2007 var þjónusta lengdrar viðveru í skóla sameinuð dagvist fyrir fötluð börn og Athvarfinu sem var félagslegt úrræði fyrir börn á skólaaldri. Þessi starfsemi fer nú öll fram á einum stað undir nafni frístundavers. Starfsemi frístundaversins er hefðbundið tómsundastarf í framhaldi af skóladegi. Boðið er upp á fjölbreytt tómsundastarf auk þess sem boðið er upp á síðdegishressingu. Tryggt er nægt rými, aðgengi og starfsmannahald til að taka inn börn með sérþarfir.

***Hver:** Starfsmenn fjölskyldu- og fræðslusviðs. yfirumsjónarmaður frístundavers*

***Hvað:** Stefnumörkun vegna lengdrar viðveru skólabarna .*

***Hvenær:** Vor 2008*

### **5. Sértekumarúræði**

Af ýmsum ástæðum geta sum börn ekki nýtt sér án aðstoðar það starf sem boðið er upp á í tómsundum barna, s.s. íþróttæfingar, leikjanámskeið, Vinnuskóla o.fl. Stuðlað skal að því að börn njóti öryggis og verndar yfir sumartímunn þegar skólastarfi sleppir og fái að þroska hæfileika sína og áhugamál með þeirri aðstoð sem til þarf. Í vissum undantekingatilfellum þarf að huga að sértækum úrræðum ef almenn úrræði duga ekki til.

***Hver:** Starfsmenn fjölskyldu- og fræðslusviðs*

***Hvað:** Boðið verður upp á aðstoð fyrir börn með sérþarfir til að nýta almenn sumarúræði og tómsundir.*

***Hvenær:** Vor 2008*

### **6. Átak gegn kynferðislegri misnotkun barna.**

Til að stuðla að forvörnum gegn kynferðislegri misnotkun er brýnt að fræða almenning og starfsfólk sem vinnur með börnum. Þjóða þarf fullorðnu fólki öflugra fræðslu og markvissa þjálfun í að fyrirbyggja, þekkja og bregðast við kynferðislegri misnotkun barna af hugrekki og ábyrgð.

***Hver:** Starfsmenn fjölskyldu- og fræðslusviðs*

***Hvað:** Fræðsla til almennings og starfsfólks um hvernig þekkja eigi og bregðast við kynferðislegri misnotkun barna.*

***Hvenær:** Haust – vetur 2008 - 2009*

## **7. Börn sem búa við ýmsa erfiðleika**

Leggja þarf áherslu á að styðja börn sem eiga við ýmsa tilfinningalega eða félagslega erfiðleika að etja án þess að mál þeirra flokkist undir barnaverndarmál. Sem dæmi má nefna félagslega einangrun, gerendur og þolendur í eineltismálum, börn sem stunda hvorki íþróttir né aðrar tómsundur, eiga við að stríða kvíðaraskanir, tölvufíkn og sértæka námserfiðleika eða hegðunarerfiðleika sem bitna á vellíðan þeirra í skóla og tómsundum. Auka þarf fræðslu til foreldra sem hefur það að markmiði að efla þau í hlutverki sínu sem uppallendur, leita víðtækra úrræða fyrir börnin s.s. einstaklingsviðtöl, hópastarf, áherslu á uppbyggilegt tómsundastarf, jafningjafræðslu ofl. en einnig sérhæfðari meðferð þegar þörf krefur. Leitað verður eftir samstarfi við íþrótt- og æskulýðsfélög, heilbrigðisyfirvöld og fleiri stofnanir um samstarf til að samþætta þjónustu og einfalda greiningu, meðferð og eftirfylgd mála.

**Hver:** *Starfsmenn fjölskyldu- og fræðsluviðs, aðkeypt þjónusta og samstarf við tengdar stofnanir.*

**Hvað:** *Boðið upp á fræðslu og meðferðarleiðir til að draga úr og bæta þann vanda sem skapast hjá börnum sem eiga við ýmsa félagslega og tilfinningalega erfiðleika að stríða.*

*Fræðslan og samstarfið beinist jafnt að börnunum, foreldrum þeirra og starfsmönnum sem koma að málefnum viðkomandi barna.*

**Hvenær:** *Haust 2008*

## **Úrræði í málefnum einstakra barna**

### **1. Endurskoðun vinnureglna og verkferla**

Með vinnslu og beitingu úrræða í einstaklingsmálum fer samkvæmt Barnaverndarlögum nr. 80/2002 og reglum um könnun og meðferð barnaverndarmála hjá barnaverndarnefnd Vestmannaeyja sem tóku gildi þann 1. apríl 2004. Endurskoða þarf ofangreindar reglur sem og verkferla í barnavernd til að meta þjónustuna og tryggja nauðsynlegan stuðning, fræðslu, úrræði, greiningu, meðferð og eftirfylgd máls. Fara þarf yfir starfsmannabörf í barnavernd með tilliti til fjölda og umfangs mála. Efla þarf teymisvinnu í barnavernd, meta þörf og skoða árangur. Setja þarf verklagsreglur um skráningu og meðferð trúnaðarupplýsinga.

**Hver:** *Starfsmenn barnaverndar og fjölskylduráð*

**Hvað:** *Farið yfir vinnureglur og verkferla til að mæta breyttum forsendum í barnavernd og til að bæta starfsemi barnaverndar.*

**Hvenær:** *Haust 2008*

### **2. Úrræði vegna bráðatilfella**

Í 84. grein Barnaverndarlaga nr. 80/2002 segir:

“Barnaverndarnefndir, ein eða fleiri saman, skulu hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila, sambýla eða á annan hátt til að:

- a. veita börnum móttöku, þar með talið í bráðatilvikum, til að tryggja öryggi þeirra, greina vanda eða til könnunar á aðstæðum þeirra, svo sem vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra,
- b. veita börnum móttöku vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna eða sérstakra þarfa barna, svo sem í kjölfar meðferðar.”

Þyngri barnaverndarmál kalla á úrræði vegna bráðatilfella. Kanna ber hvort hægt er að fela ákveðnum aðilum rekstur slíks úrræðis, svo sem heimilt er sbr. 2. mgr. 84. gr. eða hvort hægt er að fela öðrum stofnunum eða sérstakri stofnun slíka starfsemi.

*Hver: Starfsmenn fjölskyldu- og fræðslusviðs*  
*Hvað: Kanna þarf úrræði fyrir börn í bráðatilfellum.*  
*Hvenær: 2008*

### **3. Bakvaktir og samstarf við 112.**

Vestmannaeyjabær er í samstarfi við neyðarlínuna 112 vegna barnaverndartilkynninga. Hlutverk neyðarlínunnar er að taka við tilkynningum og auðvelda aðgang að barnaverndarnefnd á öllum stundum sólarhringsins. Utan hefðbundins skrifstofutíma hefur neyðarlínan samband við formann fjölskylduráðs eða framkvæmdastjóra sviðsins ef um er að ræða neyðartilfelli. Ef mál telst ekki neyðartilfelli er tilkynningu barnaverndarmáls til neyðarlínunnar komið til tengiliðs/starfsmanns barnaverndar í gegnum tölvusamskipti sem svo fylgir máli eftir á hefðbundnum skrifstofutíma. Meta ber á tímabilinu hvort þörf er fyrir sérstakar bakvaktir eða hvort hægt er að vinna áfram að samvinnu við 112 og e.t.v. lögregluna í Vestmannaeyjum.

*Hver: Starfsmenn fjölskyldu- og fræðslusviðs og formaður fjölskylduráðs*

*Hvað: Tryggja móttöku tilkynninga vegna bráðatílfella*

*Hvenær: Endurmat liggja fyrir um áramót 2008-2009*

*Áætlun þessi er lögð fyrir fjölskylduráð dags: 7. maí 2008 og bæjarstjórn Vestmannaeyja dags: 9. maí 2008*

*Fylgiskjal:*

*Reglur um könnun og meðferð barnaverndarmála hjá starfsmönnum félagsmálaráðs Vestmannaeyja*